

Námsáætlun fyrir íslensku - 8. bekkur skólaárið 2024 – 2025



Kennari: Auður Vilhelmsdóttir og Hildur Hauksdóttir

Tímafjöldi: 4 kennslustundir á viku (2 kennslustundir í viku falla undir Bræðing)

Skólaárið 2024-2025 verður verkefnið Bræðingur á unglingastigi en það er kennslufyrirkomulag þar sem nokkrar námsgreinar eru samþættar og unnið er með þema eða áherslutengd verkefni. Hæfniviðmið úr íslensku eru sett fram í hverri lotu.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Kennsluhættir/leiðir	Námsmat
Talað mál, hlustun og áhorf	Nemandi geti <ul style="list-style-type: none">flutt mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitssemi, virðingu og kurteisi.	<ul style="list-style-type: none">Nemendum er gefið tækifæri á að segja frá eigin reynslu og hugmyndum, taka þátt í umræðum um bókmenntir og kynna verkefni sín.Nemendur fá þjálfun í hlustun.Nemendur lesa upp ljóð og/eða stutta texta og fá leiðbeiningar um vandaðan upplestur.	<ul style="list-style-type: none">Þátttaka í umræðum og tímavinnu.Upplestur á ljóðum, stuttum textum.
Lestur og bókmenntir	Nemandi geti <ul style="list-style-type: none">lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, sér til gagns og gamans.greint og skilið aðal- og aukaatriði í margs konar texta og tengsl efnisatriða; og beitt mismunandi aðferðum við lesturbeitt nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögðþekki og geti notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið, lesið og túlkað ljóð	<ul style="list-style-type: none">Lesnir verða fjölbreyttar smásögur og aðrir textar.Unnið verður með bókmenntahugtök.Lesskilningur efldur með markvissum æfingum.Nemendur lesa og vinna með ljóð, þjálfast í að beita algengum hugtökum í bragfræði.	Lesskilningskannanir. Lesfimipróf. Verkefni úr Smásagnasmáræði og Sérðu það sem ég sé. Ljóðaverkefni

	<p>af ýmsum toga og frá ýmsum tímum</p> <ul style="list-style-type: none"> • Skilið mikilvægi þess að geta lesið og eftt eigið læsi 		
Ritun	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar 	<ul style="list-style-type: none"> • Stafsetningarreglur rifjaðar upp og unnið með þær. • Nemendur prófa sig áfram með skapandi skrifum þar sem unnið er með mismunandi textagerðir. • Ritunaræfingar af ýmsum toga þar sem texta er skipt í efnisgreinar og unnið með hugtökin inngangur, meginmál og lokaorð. 	<p>Ritunarverkefni skrifuð í tölvu. Stafsetningarverkefni og gagnvirkar æfingar. Ritunaræfingar.</p>
Málfræði	<p>Nemandi geti</p> <ul style="list-style-type: none"> • beitt helstu málfræðihugtökum, • áttað sig á beygingarlegum qog merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér grein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra. • notað fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt og gerir sér grein fyrir þýðingu lestrar, ekki síst bókmennta, í þessu skyni. 	<ul style="list-style-type: none"> • Einkenni og hlutverk orðflokka. • Unnið með orðtök og málshætti, orðanotkun, merkingu orða og orðatiltækja, andheiti og samheiti, krossgátur og fl. • Nemendur fá þjálfun í orðmyndun og merkingarfræði. 	<p>Verkefni og gagnvirkar æfingar.</p>
Námsgögn:			
Málið í mark- sagnorð, Málið í mark - óbeygjanleg orð, Orðhákur 1, Smásagnasmáræði, Sérðu það sem ég sé, Ljóðaverkefni, Ritunarverkefni.			
Lokanámsmat:			

Að ofan er búið að lista upp þau hæfniviðmið sem verður unnið með þetta skólaár. Nemendur fá endurgjöf frá kennara um framgöngu í námi með bókstafseinkunnum og safna þannig á hæfnikort sitt. Í lok skólaárs verður hæfnin tekin saman og nemendur fá bókstafseinkunn í lok skólaárs A, B+, B, C+, C, D.